

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1161 Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður	Aðalstræti 20 400 Ísafjörður	Guðmundur Ólafsson Gæðastjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	17.12.2024	17.12.2024	7	0	0
<p>Skoðuð voru og tekin afstaða til 7 skoðunaratriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunaratriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.</p> <p>Frestur til úrbóta</p> <p>Næsta reglubundna skoðun</p>					
Alvarlegt frávik	Frávik				
5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)				

Niðurstaða eftirlits

Jónína Guðmundsdóttir og Vigdís Sigurðardóttir, eftirlitsmenn Matvælastofnunar, framkvæmdu eftirfylgnieftirlit hjá Arcti Sea Farm á tímabilinu 14. október til og með 17. desember 2024. Eftirlitið fór þannig fram að kallað var eftir gögnum frá rekstrarleyfishafa og þau yfirfarin á skrifstofu stofnunarinnar. Samskipti fóru fram við Guðmund Ólafsson gæðastjóra Artic Sea Farm í gegnum tölvupósta.

Matvælastofnun hafði mætt í ítareftirlit hjá rekstrarleyfishafa 22.-24. apríl 2024 og í kjölfarið gefið út eftirlitsskýrslu þar sem gerð voru alvarleg frávik og frávik. Stofnunin kallaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu og var eftirfylgnieftirlit þetta framkvæmt þegar úrbótum var lokið samkvæmt tímasettu úrbótaáætlun rekstraraðila.

Næsta eftirlit Matvælastofnunar verður samkvæmt tímasettri eftirlitsáætlun stofnunarinnar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfærri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaltdöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Guðmundur Ólafsson

8480473

gola@afish.is

gæðastjóri

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlunar og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 24.06.2024

Í eftirlitsskýrslu sem Matvælastofnun gerði í kjölfar eftirlits sem fram fór 22.-24. apríl 2024 var sett alvarlegt frávik þar sem stofnunin taldi ekki vera til staðar virkt innra eftirlit. Í kjölfar þess að rekstrarleyfishafi fékk senda skýrsluna sendi hann Matvælastofnun tímasetta úrbótaáætlun. Þar kom fram, hvað varðar þetta frávik, að rekstrarleyfishafi myndi útbúa verklag sem tæki fyrir innra eftirlit og þær kröfur sem uppfylla þyrfti skv. 48. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Vegna eftirfylgnieftirlits kallaði Matvælastofnun eftir framangreindri verklagi og yfirfór það.

Stofnunin telur verklag rekstrarleyfishafa um innra eftirlit ekki fullnægjandi þar sem það uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. 48. gr. og umfjöllun um innra eftirlit í viðauka III í sömu reglugerð. Í ljósi framangreinds stendur alvarlegt frávik því áfram.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 21.06.2024

Frávik sem skráð var í eftirliti þann 22.-24. apríl 2024 hefur verið lagfært að öðru leiti en er varðar þjálfun starfsfólks í að tryggja velferð eldisdýra.

Í verklagi um þjálfun starfsmanna kemur ekki fram að starfsfólk fái þjálfun í að tryggja velferð eldisdýra eins og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að starfsfólk skuli fá. Þá kemur heldur ekki fram í þjálfunarskrá starfsfólksins að það fái slíka þjálfun.

Í ljósi framangreinds er skráð frávik vegna þessa þátta.

Eftifarandi skoðunarátriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

4.1.3 Eldisbúnaður

4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

5.1.3 Verklagsreglur (rekstarleyfi>20.tonn)

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun
(rekstarleyfi>20.tonn)

Jónina Guðmundsdóttir

jonina.gudmundsdottir@mast.is

Séfræðingur í fiskeldi

5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbryggings fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slika stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftifarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikid það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættá á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdir gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdir krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdir dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.

- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð.

Skoðunaraðriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaraðriði 6.1.

Skoðunarmaður bendir stjórnda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)

- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaraðriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnsýslusvið MAST skoðunarskýrluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnsýslusvið MAST skoðunarskýrluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).

Skoðunarmaður bendir stjórnda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.

- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaraðriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaraðriði 6.1. Stjórnsýslusvið MAST fær skoðunarskýrluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).

Stjórnsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis